

5.6.2018

Frv. til laga um útlendinga og Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar), 564. mál.

Barnaverndarstofa hefur vegar skoðað umrætt frumvarp og þá sérstaklega með tilliti til þeirra breytinga sem lagðar eru til á heimild til þess að veita Útlendingastofnun upplýsingar úr barnaverndarmáli. Barnaverndarstofa gerir ekki athugasemdir við umræddar tillögur til breytinga, enda hefur stofan, á þeim tíma sem hún hefur farið með hagsmunagæslu, orðið vör við að það kunni að geta verið börnum til hagsbóta að heimila barnaverndarnefndum að deila tilgreindum upplýsingum með Útlendingastofnun áður en ákvörðun um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum er tekin.

Barnaverndarstofa leggur hins vegar áherslu á að hér er um takmarkatilvik að ræða og um að ræða undantekningu frá meginreglu barnaverndarlaga um trúnað. Það er því mikilvægt að ef umræddar breytingar ná fram að ganga þá eigi sér stað samtal milli Útlendingastofnunar og barnaverndaryfirvalda þar sem farið verði yfir með hvaða hætti beiðni um upplýsingar þurfi að vera til þess að hægt sé að bregðast við henni og hvers konar upplýsingar geti verið að ræða. Hefur Barnaverndarstofa átt í góðu samstarfi við Útlendingastofnun frá því að núgildandi útlendingalög tóku gildi og treystir því að ekki verði vandkvæðum bundið að komast að sameiginlegri niðurstöðu varðandi það hvernig túlka eigi umrætt ákvæði.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar verði þess óskað og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar í næstu viku verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

Heiða Björg Pálmadóttir
settur forstjóri Barnaverndarstofu